

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is



**2. fundur** Framkvæmdanefndar um uppbyggingu knatthúss á Ásvöllum, fundurinn fór fram á Ásvöllum, þann 3. október 2022, kl. 16:00.

---

#### Starfshópur:

Kristinn Andersen, formaður  
Jóhanna Erla Guðjónsdóttir  
Magnús Gylfason  
Magnús Gunnarsson  
Halldór Garðarsson

#### Með starfshópnum starfa:

Geir Bjarnason	Íþróttá- og tómstundarfulltrúi
Guðmundur Sverrisson	Staðgengill sviðstjóra fjármálasviðs
Sigurður Haraldsson	Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsviðs

---

#### Gestur fundarins:

Pétur Vilberg Guðnason Byggingarverkfræðingur Strendingi

#### Eftirfarandi var tekið fyrir.

##### 1. Lagt fram álit um mat á umhverfisáhrifum frá Skipulagsstofnun.

Farið yfir álit Skipulagsstofnunar og það lagt fram.

##### 2. Knatthús

Farið yfir framkvæmdaráætlun verksins og mögulega áfangaskiptingu þess. Pétur Vilberg fór yfir fund með ÍAV þar sem verktakinn lagði áherslu á að halda verkáætlun og ljúka framkvæmdinni á síðasta fjórðungi ársins 2024. Tóku þeir jákvætt í að greiðslur færðust til ársins 2025. Lögð fram gögn frá ÍAV um skiptingu greiðslu frá 2024 yfir á árið 2025. En ekki þarf að taka ákvörðun um hvort Hafnarfjarðarbær vilji fara þessa leið fyrr en á árinu 2024. Líklegast mun Hafnarfjarðarbær geta fjármagnað sig ódýrara, miðað við tilboð ÍAV.

Skipting greiðsla milli ára er sem næst þessi: 2022 -200 milljónir króna, 2023 - 1.500 milljónir króna, en greiðsla vegna lóðar 1.200 milljónir króna kæmi á móti, 2024 – 1.000 m króna og 2025- 700 milljónir króna.

Bókun frá fulltrúa Samfylkingar, Magnúsi Gylfasyni :“ Undirritaður er að koma að þessum áformum í fyrsta skipti, en undirbúningur hefur staðið árum saman. Ég er áhugamaður um uppbyggingu knattspyrnumannvirkja og styð því áformin. Vil hins vegar láta koma fram, að ef áformin séu eitthvað sem bæjarsjóður ræður ekki við og eru ekki í takt við fjármál bæjarsjóðs, þá tel ég að hægt sé að reisa hús sem þjónar sama tilgangi fyrir miklu minni fjármuni.“

Starfshópurinn vísar framkvæmdaáætlun og skiptingu greiðslna á ár til bæjarráðs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16:40  
Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.